

**Ed.**

**482. Breytingartillögur**

**[138. mál]**

við frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 2. gr.

1. Greinin orðist svo:

Fjármálaráðherra setur mann til forstöðu deildarinnar, og nefnist hann ráðsmaður ríkisins. Hann hefur sömu laun og ráðherrar. Eftir að hann hefur verið reyndur í starfinu árlangt getur forseti Íslands skipað hann í stöðuna, enda séu allir ráðherrar sammála um að leggja til, að svo verði gert.

2. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar (og breytist greinatalan samkv. því):

a. (3. gr.) Nú þykir ráðsmanni, að einhver vinni slælega í starfi sínu, og skal hann þá gefa honum áminningu og taka fram, hvað að starfi hans er fundið. Hafi ráðsmaður þrisvar sinnum á tveim mánuðum áminnt annan mann, skal hann tilkynna það fjármálaráðherra og hvað hann finni að starfi mannsins. Skal ráðherra þá hlutast til um, að málið sé rætt á ráðherrafundi, og má þá segja manninum upp stöðu sinni, og hefur hann þá ekki rétt til eftirlauna, en rétt til að fá endurgreitt það, er hann hefur lagt fram í lífeyrissjóð embættismanna.

b. (4. gr.) Hver starfsmaður ríkis og ríkisstofnana er skyldur að starfa að verki sínu 40 klukkustundir í viku hverri á þeim tíma dagsins, er viðkomandi forstjóri eða skrifstofustjóri í samráði við ráðsmann ríkisins telur stofnuninni hagkvæmast. Árlega skal þó gefa starfsfólki frí sem hér segir: Eina viku fyrstu 3 starfsárin, tvær vikur næstu 3 starfsárin, þrjár vikur 7., 8. og 9. starfsárið og mánuð úr því.